

bera að fara eftir grunnreglu 5. mgr. 11. gr. aðfararlaga nr. 19/1887.

Að því leyti sem aðalstefnandi þykir hafa vanrækt að gera það, sem með sanngirni má ætlast til af honum til að upplýsa um tjón sitt, kann að vera, að hann hljóti að bera nokkurn halla af upplýsingaskorti.

Upplýsingar vantar um, að hve miklu leyti sumir þeir munir, sem krafist er bóta fyrir í 2. tl., eru innifaldir í brunabótamati og einkum þó fasteignamati.

Þykir rétt að meta tjón á lausafé og fasteign í einu lagi.

Þykja bætur til aðalstefnanda hæfilega ákveðnar 1.500.000 krónur auk 13% ársvaxta frá 7. ágúst 1976 til greiðsludags og málskostnaður í báðum sökum, 350.000 króna.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Gagnstefndi skal vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda.

Aðalstefndi, bæjarstjórn Seltjarnarness, greiði fyrir hönd bæjarsjóðs Seltjarnarness aðalstefnanda, Steindóri Árnasyni, 1.500.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 7. ágúst 1976 til greiðsludags og 350.000 krónur í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. júní 1982.

Nr. 177/1981. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari)

gegn

Einari Þórðarsyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1981. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd. Ágrip barst Hæstarétti 18. desember 1981.

Ríkissaksóknari hefur með bréfi til Hæstaréttar, dagsettu 26. apríl 1982, lýst því yfir, að af hálfu ákærvalds séu niður felldar úr ákæruskjali í máli þessu tilvitnanir í 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/-978.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði sunnudaginn 11. maí 1980 játaði ákærði að hafa nóttina áður ekið bifreiðinni G 11826 frá Hverfisgötu í Hafnarfirði á Reykjavíkurveg á móts við hjólbarðaverkstæði, sem þar er. Ákærði viðurkenndi áfengisneyslu fyrir aksturinn, en kvaðst ekki hafa verið undir áfengisáhrifum, er hann ók. Hann kveðst ekki hafa neytt neins áfengis, meðan á akstri stóð eða eftir að honum lauk. Blóð, sem tekið var úr ákærða, skömmu eftir að akstri lauk, reyndist við rannsókn innihalda 1.59% áfengismagn.

Er ákæra hafði verið gefin út og ákærði kom fyrir saka-dóm, neitaði hann sakargiftum og kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni G 11826 í greint sinn, aðfararnótt 11. maí 1980, heldur hefði eigandi bifreiðarinnar, Jóhannes Örn Oliverson, gert það. Ákærði kveðst hafa játað fyrir rannsóknarlögreglu af ótta við að verða hneptur í gæsluvarðhald, ef ekki upp-lýstist, hver hefði ekið bifreiðinni. Ekkert hefur komið fram í málinu, sem bendir til þess, að lögreglumenn þeir, sem önnuðust frumrannsókn málsins, hafi hótað ákærða gæsluvarð-haldi, ef hann játaði ekki. Verður að byggja á greindum framburði ákærða hjá rannsóknarlögreglu, enda þykir aftur-köllun hans á honum ekki marktæk.

Með eigin framburði ákærða hjá rannsóknarlögreglu og niðurstöðu rannsóknar á blóði, sem úr honum var tekið, verður að telja sannað, að hann hafi gerst sekur um athæfi það, sem á hann er borið í ákæruskjali og réttilega er þar heimfært til lagaákvæða, svo sem því er breytt með bréfi ríkissaksóknara frá 26. apríl 1982, sem að framan greinir.

Dómssátt sú frá 6. febrúar 1980, sem greint er frá í héraðsdómi, hefur ítrekunaráhrif í máli þessu.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00 krónur. Þá ber einnig að dæma ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 2.500.00 krónur.

Rannsókn máls þessa er áfátt í ýmsum greinum.

Í frumprófum fyrir lögreglu var þess ekki gætt að ganga á eiganda og umráðamann bifreiðarinnar G 11826 um það, hver ekið hefði bifreiðinni hinn 11. maí 1980, skömmu áður en lögreglumenn komu að henni. Eigi var rétt að yfirheyra framangreindan mann sem vitni í sakadómi Hafnarfjarðar hinn 7. nóvember 1980, með því að ákærði hafði þá borið hann þeim sökum að hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn. Vegna þess misræmis, sem fram kom í framburðum ákærða og eiganda bifreiðarinnar, átti að samprófa þá og eftir atvikum að samprófa þá og lögreglumennina um það, sem á milli bar.

Ber að finna að þessum ágöllum á rannsókn málsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Þórðarson, sæti varðhaldi 15 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu héraðsdóms 8. maí 1981 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur. Hann greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæsta-

rétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns,
2.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 9. apríl 1981.

Árið 1981, fimmtudaginn 9. apríl, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1102/1980: Ákærvaldið gegn Einari Þórðarsyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 29. september 1980, höfðað gegn Einari Þórðarsyni laganema, Álfaskeiði 32, Hafnarfirði, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 11. maí 1980 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G 11826 frá bifreiðastæði við Hverfisgötu í Hafnarfirði að Reykjavíkurvegi 58, þar sem lögreglan hafði afskipti af ákærða.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar skv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 5. ágúst 1955 í Reykjavík, og hefur sætt refsingum sem hér segir:

1975 25/11 í Hafnarfirði: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1980 6/2 í Hafnarfirði: Sátt, 50.000 kr. seka fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 16. jan. 1980.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hann verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins og jafnframt að verjandi hans, hæstaréttarlögmanni Jóni E. Ragnarssyni, verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 11. maí 1980 voru tveir lögreglumenn úr Hafnarfirði á eftirlitsferð um bæinn á lögreglubifreiðinni G 105, og er þeir voru staddir við Bifreiðastöð Hafnarfjarðar við Reykjavíkur-

veg, veittu þeir athygli bifreiðinni G 11826, þar sem hún stóð á bifreiðastæðinu austan við hjólbarðaverkstæðið að Reykjavíkurvegi 58, og sat ákærði undir stýri hennar, en Jóhannes Örn Oliversson, Arnarhrauni 44, Hafnarfirði, sat í farþegasæti hennar. Vél bifreiðarinnar var ekki í gangi, en ræsilyklar í kveikjulás.

Annar lögreglumannanna, nr. 16, hafði séð ákærða á gangi í bænum skömmu áður, og virtist hann þá vera ölvaður. Hann var því færður yfir í lögreglubifreiðina, þar sem hann viðurkenndi að hafa neytt áfengis. Hann neitaði hins vegar að hafa ekið bifreiðinni G 11826 og neitaði að segja, hver hefði ekið bifreiðinni, en þessi bifreið hafði ekki verið þarna fyrir stundu síðan. Ákærði og Jóhannes voru því færðir á lögreglustöðina í Hafnarfirði, þar sem tekin var varðstjóráskýrsla af þeim, og þangað var fenginn læknir, sem tók þeim blóð til alkóhólákvörðunar.

Í varðstjóráskýrslu er ástandi ákærða svo lýst, að talsverður áfengisþefur hafi verið af andardrætti hans, augu rauð, andlit eðlilegt, jafnvægi stöðugt, fatnaður snyrtilegur, málfar skýrt og í framkomu kurteis, en þrætugjarn.

Ákærði og Jóhannes voru hafðir í haldi þar til um kl. 1300 daginn eftir, að tekin var af þeim skýrsla hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði. Var fyrst tekin skýrsla af Jóhannesi Erni, eiganda bifreiðarinnar G 11826, sem þá greindi frá því, að ákærði hefði í umrætt sinn ekið bifreiðinni frá Hverfisgötu og upp að Reykjavíkurvegi, þar sem þeir voru handteknir, og hefði það gerst að beiðni ákærða. Ákærði var svo tekinn fyrir litlu síðar, og viðurkenndi hann að hafa ekið umræddri bifreið um nóttina frá Hverfisgötu að Reykjavíkurvegi 58, hann hefði ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en verið við áfengisneyslu fyrr um kvöldi í veitingahúsinu Snekkjunni í Hafnarfirði.

Ákærði gaf skýrslu hér fyrir dómi 15. nóvember 1980. Hann skýrði þá svo frá málsatvikum, að hann hefði ekki ekið bifreiðinni G 11826 í greint sinn, þ. e. 11. maí 1980, þ. e. rétt áður en lögreglan hafði af honum afskipti. Heldur hefði eigandi bifreiðarinnar, Jóhannes Örn Oliversson, ekið bifreiðinni frá Hverfisgötu rétt við Hraunstíg 4 að Bifreiðastöð Hafnarfjarðar við Reykjavíkurveg. Áður hefðu þeir gert um það samkomulag, að ákærði æki svo bifreiðinni heim til Jóhannesar, eftir að þeir hefðu verslað í nætursölunni, og ákærði því verið undir stýri bifreiðarinnar, er lögregluna bar að. Ákærði kvaðst hafa verið við áfengisneyslu kvöldið áður á heimili systur sinnar að Hraunstíg 6 og svo í veitingastaðnum Snekkjunni fram til kl. 0300 um nóttina, og

kveðst hann á þessum tíma hafa drukkið það magn áfengis, sem getið er um í varðstjóráskýrslu, þ. e. fimm glös af vínblöndu. Hann hefði ekki neytt neins áfengis, eftir að vinsölu var hætt í Snekkjunni, og ekki hefði hann fundið til áfengisáhrifa, er hann var tekinn af lögreglunni. Ákærða var nú bent á ósamræmi hans í framburði hér fyrir dómi og hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði 11. maí sl. Hann kvaðst ekki geta skýrt það öðruvísi en þannig, að hann hefði séð fram á, að hann yrði áfram í gæsluvarðhaldi, ef ekki upplýstist, hver hefði ekið bifreiðinni, og hann því játað að hafa ekið bifreiðinni til þess að losna, en þar sem hann hafði verið tekinn fyrir sem grunaður, er rannsóknarlögreglan tók af honum skýrslu, kvaðst hann hafa reiknað með, að Jóhannes hefði ekki viðurkennt sök sína.

Þann 7. nóvember 1980 gaf Jóhannes Örn Oliversson verslunarmaður, Arnarhrauni 44, Hafnarfirði, fæddur 8. júlí 1950, skýrslu sem vitni hér fyrir dómnum. Vitnið kvaðst laugardagskvöldið 11. maí sl. hafa verið með ákærða í veitingahúsinu Snekkjunni í Hafnarfirði og þeir báðir neytt þar áfengis. Eftir lokun veitingahússins, um kl. 0300, hafi þeir farið heim til systur ákærða í húsi við Hraunstíg og verið þar nokkra stund, en ekki neytt áfengis. Þeir hafi svo farið þaðan saman að bifreið vitnisins, sem hafi verið á Hverfisgötunni þarna rétt hjá. Þeir hafi verið á leið heim og hafi ætlunin í fyrstu ekki verið að fara á bifreiðinni, en ákærði hafi sótt það fast og viljað aka bifreið þess. Vitnið kvaðst þá hafa látið undan, en jafnframt tekið fram við ákærða, að hann tæki ábyrgð á því sjálfur, ef eitthvað bæri út af í sambandi við aksturinn, en vitnið kvaðst hafa merkt, að ákærði var undir einhverjum áfengisáhrifum, enda hefðu þeir verið við áfengisneyslu fyrr um kvöldið og því hafi það talið ákærða taka áhættu, ef til alkóhólmælingar kæmi. Það kvað ákærða svo hafa ekið bifreiðinni að nætursölu BSH við Reykjavíkurveg og hafi hann ráðið því, að þangað var farið. Þar hafi þeir keypt eitthvað og hefðu verið þar hjá í smástund, er lögregluna bar að. Vitnið kvað þá ekki hafa verið með áfengi með sér og því ekki neytt áfengis þarna að loknum akstri. Vitninu var bent á framburð ákærða hér fyrir dómi, að það hefði ekið bifreiðinni í greint sinn. Vitnið kvað það ekki rétt, hins vegar hefði verið um það rætt af ákærða, eftir að ljóst varð um niðurstöðu alkóhólrannsóknar, að það tæki á sig sök í málinu, þar sem minna hafi mælst af alkóhóli í blóði þess. Vitnið kvaðst að athuguðu máli hafa horfið frá þessu og kveður framburð sinn hér að framan sannleikanum samkvæm-

an. Því var lesinn framburður þess hjá rannsóknarlögreglu, sem það kvað og réttan.

Vitnið Sveinn Georgsson varðstjóri, Miðvangi 100, Hafnarfirði, 51 árs að aldri, kvaðst ásamt lögreglumanni nr. 16 hafa handtekið ákærða og Jóhannes Oliversson bak við hjólbarðaverkstæðið við Reykjavíkurveg 58, Hafnarfirði, 11. maí 1980 vegna gruns um ölvun við akstur, en þeir hafi verið í bifreiðinni G 11826, sem hafi verið þarna kyrrstæð, en vél hennar hafi ekki verið í gangi. Undir stýri hennar hafi verið ákærði, sem ekki hafi viljað kannast við að hafa ekið bifreiðinni og jafnframt er hann hafi verið spurður um, hver hefði ekið bifreiðinni, ekkert viljað tjá sig um það og því verið farið með ákærða og Jóhannes niður á lögreglustöð, en Jóhannes hafi ekki verið spurður um það sérstaklega, hver hefði ekið bifreiðinni, og hann ekkert tjáð sig um það. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða fyrr um kvöldið, en það hefði Vilhjálmur lögreglumaður nr. 16 gert. Við bifreiðina hafi ekki verið neinn maður, sem gefið hafi sig fram sem ökumaður, en þarna í kring um BSH hafi verið eitthvað af fólki á víð og dreif. Vitnið las yfir lögregluskýrslu um atvikið, dskj. nr. III-1, og kvað rétt greint þar frá atvikum.

Vitnið Vilhjálmur Steinar Ólafsson, lögreglumaður nr. 13, Bólstað í Garðakaupstað, fæddur 29. október 1947, kannaðist við að hafa gert lögregluskýrsluna í málinu, dskj. III-1, og skrifað undir hana og væri hún rétt í alla staði. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða um kl. 0400 um nóttina og hann þá verið áberandi ölvaður í fylgd með öðru fólki skammt frá veitingahúsinu Snekkjunni, en ekki kvaðst það nú muna, hvaða fólk þetta hafi verið, en þó hafi Jóhannes Oliversson verið í þeim hópi. Vitnið kvaðst hafa ekið lögreglubifreiðinni, um 15 mínútum áður en ákærði var handtekinn, um svæðið, þar sem hann var tekinn, og bifreiðin G 11826 þá ekki verið þar. Það kvað ákærða ekki hafa viljað tjá sig neitt um það, hver hefði ekið bifreiðinni, og hann því ásamt Jóhannesi Oliverssyni verið fluttur á lögreglustöðina og þeir verið hafðir þar í haldi, án þess að þeir gætu borið sig saman, þar til þeim var sleppt eftir skýrslutöku. Vitnið sagði, að er þeir hefðu komið að bifreiðinni, hefði enginn annar verið hjá henni eða í námunda við hana og ekkert fólk borið þarna að vegna handtökunnar. Vitnið kvað Jóhannes ekkert hafa tjáð sig um það, hver hefði verið ökumaður bifreiðarinnar í greint sinn.

Vitnið Eðvarð Ólafsson rannsóknarlögreglumaður, Fögrukinn 23, Hafnarfirði, 44 ára að aldri, kvaðst hafa tekið skýrslu af

ákærða og Jóhannesi Erni Oliverssyni, merкта dskj. nr. III-3. Það kvað skýrslutökuna hafa farið fram með venjulegum hætti, teknar hafi verið skýrslur af báðum mönnum sem grunuðum og í því sambandi hafi verið gætt ákvæða 40. gr. laga nr. 74/1974 og 4. mgr. 61. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 53/1979. Þeim hafi verið boðið að hafa réttargæslumann við yfirheyrsluna, en hafnað því. Það kvað ákærða ekki hafa viðurkennt strax að hafa ekið bifreiðinni í greint sinn og í fyrstu talað um einhvern annan mann, sem hefði verið farinn úr bifreiðinni, er lögreglan hafi handtekið þá. Ekki gat hann nafngreint hann né vissi hann deili á honum. Eftir nokkra yfirheyrslu hvarf hann svo frá þessum framburði og viðurkenndi að hafa sjálfur ekið bifreiðinni og gaf þá skýrslu, sem höfð er eftir honum, og skrifaði undir hana í votta viðurvist. Vitnið kvaðst þess fullvisst, að ekki hafi verið talað við ákærða um, að hann yrði að vera í gæsluvarðhaldi, ef ekki fengist játning hjá honum. Það kvað hins vegar geta verið, að ákærða hafi verið gert ljóst, að hann þyrfti að vera í haldi, meðan reynt yrði frekar að hafa upp á þeim huldumanni, sem hann hefði verið að tilgreina sem ökumann, en það þá verið ákærða ljóst, að einungis yrði um stutta stund að ræða innan ramma 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 76. gr. laga nr. 74/1974.

Vitnið Theódór Bogason lögreglumaður, Miðvangi 51, Hafnarfirði, 45 ára að aldri, kannaðist við að hafa verið vottur að því, að tekin var skýrsla af ákærða í máli þessu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði. Skýrslan hafi verið lesin upp fyrir honum og hann staðfest með undirskrift sinni, að rétt væri eftir sér haft. Vitnið kvaðst ekki minnst þess, að neitt hafi verið nefnt við ákærða, að hann ætti á hættu gæsluvarðhald, ef játning lægi ekki fyrir af hans hálfu, né að nokkuð hafi verið rætt um gæslu í þessu sambandi. Vitnið kvaðst ekki hafa séð annað en skýrslutaka þessi færi fram með venjulegum hætti, en það hafi þó einungis verið viðstatt í lokin, það er að segja, er ákærði skrifaði undir og viðurkenndi.

Í blóðsýnishorni því, sem tekið var úr ákærða í umrætt sinn, mældust við alkóhólákvörðun með gasgreiningu á súlu 1.59% alkóhóls.

Ljóst er af framburði ákærða, vætti vitna, niðurstöðu framangreindrar alkóhólákvörðunar og öðrum gögnum málsins, að ákærði var undir áfengisáhrifum, er hann var handtekinn í greint sinn, þar sem hann sat undir stýri bifreiðarinnar G 11826. Í málinu er því haldið fram af hálfu ákærða, að sönnun skorti um, að

hann hafi ekið bifreiðinni í greint sinn. Játningu hans hjá rannsóknarlögreglu beri ekki að taka alvarlega, þar sem að hann hafi þá verið mjög illa fyrirkallaður og miður sín og séð fram á, að hann yrði að vera í gæsluvarðhaldi áfram, ef ekki upplýstist, hver hefði ekið bifreiðinni. Þá beri að líta á framburð Jóhannesar Arnar Oliversonar í ljósi þess, að hann hafi verið grunaður í málinu, og eigi hann því ekki að hafa þýðingu sem framburður vitnis.

Á þessi rök getur dómurinn ekki fallist. Í fyrsta lagi verður ekki séð, að játning ákærða hjá rannsóknarlögreglu sé til komin fyrir neina ólöglega þvingun. Þó að ákærða, sem gefið hafði til efni til þess, að hann og Jóhannes Örn voru settir í hald, með því að halda því fram, að einhver maður hafi ekið bifreið þess og verið farinn af staðnum, kynni að hafa verið gert ljóst, að vegna rannsóknarinnar yrði ef til vill talið nauðsynlegt, að hann yrði smástund enn í haldi, meðan þess yrði freistað að upplýsa, hver hefði verið ökumaður bifreiðarinnar í greint sinn.

Í öðru lagi verður ekki talið, að það, að Jóhannes Örn var á byrjunarstigi rannsóknar, meðan óupplýst var, hver hefði ekið bifreiðinni, hafður í haldi og síðan tekinn fyrir sem hugsanlegur ökumaður af rannsóknarlögreglu vegna gruns um ölvun við akstur, eigi að koma í veg fyrir, að hann á síðari stigi málsins geti verið fullgilt vitni, þar sem að frumrannsókn lokinni í málinu var ekkert fram komið um það, að hann hefði ekið bifreiðinni, og miðað við það magn alkóhóls, sem mældist í blóði hans, og réttarvenju hefði sá akstur að öllum líkindum verið honum refsilaus. Honum bar samkvæmt 35. gr. umferðarlaga sem eiganda bifreiðarinnar að skýra lögreglunni frá því, hver hefði verið ökumaður hennar í greint sinn, er hún innti hann eftir því, en ekki verður af gögnum málsins séð, að hann hafi verið um það spurður, fyrr en tekin var af honum skýrsla hjá rannsóknarlögreglu daginn eftir, er víst þótti, að hann var ekki undir áhrfium áfengis.

Þegar virt er, að ákærði var í greint sinn tekinn undir stýri bifreiðarinnar, þar sem hún var kyrrstæð með lykla í kveikjulás, hann viðurkendi sjálfur svo hjá rannsóknarlögreglu daginn eftir að hafa ekið bifreiðinni frá Hverfisgötu að Reykjavíkurvegi 48, það bar og vitnið Jóhannes Örn, eigandi bifreiðarinnar, er var sjálfur í henni, er greindur akstur átti sér stað, og lögreglumaður hafði séð ákærða, nokkru áður en aksturinn átti sér stað, með öðru fólki skammt frá bifreiðinni, verður talið, að nægileg sönnun

sé fram komin um það, að ákærði ók bifreiðinni í greint sinn, og síðari framburður hans hér fyrir dóminum um, að vitnið Jóhannes Örn hafi ekið bifreiðinni, talin marklaus, því ákærða hefur ekki tekist að styðja hann neinum gögnum.

Með því að aka bifreiðinni G 11826 í greint sinn undir áhrifum áfengis frá Hverfisgötu að Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði, hefur ákærði gerst sekur um brot á refsíákvæðum, sem greind eru í ákæru.

Sátt sú, sem gerð var við ákærða í sakadómi Hafnarfjarðar 6. febrúar 1980, hefur ítrekunaráhrif í máli þessu.

Refsing ákærða þykir því samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978, hæfilega ákveðin 3.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Jóns E. Ragnarssonar, sem ákveðast kr. 1.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Þórðarson, greiði í sekt til ríkissjóðs kr. 3.000.00, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal frá birtingu dóms þessa að telja sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Jóns E. Ragnarsson, kr. 1.000.00

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.